

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



21. febrúar 2019

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 498. mál á 149. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (brottfall tilvísunar)

Hagsmunasamtök heimilanna gera ekki athugasemdir við efni þessa frumvarps en vilja þó nota þetta tækifæri til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Með lögum nr. 55/2018 voru ákveðnar breytingar gerðar á innheimtulögum, sem áttu rætur sínar að rekja til niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8302/2014 vegna kvörtunar Hagsmunasamtaka heimilanna yfir skorti á eftirliti með innheimtustarfsemi. Undir rekstri málsins kom í ljós að nokkur fyrirtæki sem stunduðu innheimtustarfsemi voru ekki undir neinu eftirliti þar sem óljóst var hvort þau féllu undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins eða Lögmannafélags Íslands, með þeirri afleiðingu að hvorugt þeirra hafði í raun eftirlit með þeim. Að mati samtakanna heppnaðist alls ekki ekki að bæta úr þessu með umræddri lagabreytingu, heldur var þvert á móti farið í þveröfuga átt. Samtökin reyndu að vekja athygli á þessu í umsögn sinni við málið (sjá erindi nr. 1706 í máli nr. 395 - 148. löggj.) en því miður var ekki tekið mið af þeim ábendingum. Þetta hefur leitt til þess að eftir því sem samtökin komast næst eru enn starfandi innheimtuaðilar í "lagalegu tómarúmi".

Fram hefur komið í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið að meirihluti neytenda viti ekki hvert þeir geti leitað ef upp kæmi ágreiningur við viðskiptabanka og má leiða líkur að því að eins sé ástatt fyrir neytendum hvað varðar innheimtuaðila. Er því lagt til að innheimtuaðilum verði gert skylt að hafa aðgengilegar upplýsingar um réttarúrræði, með sambærilegum hætti og kemur fram í lögum um neytendalán. Auk þess verði áréttáð í lögnum að Neytendastofa hafi eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum á grundvelli laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Hagsmunasamtök heimilanna leggja til að þær breytingar sem voru gerðar á innheimtulögum árið 2018 verði endurskoðaðar með hliðsjón af framangreindum ábendingum. Útfærsla þess kemur fram í fylgiskjali með umsögn þessari sem breytingartillaga við frumvarpið.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Breytingartillaga

við frumvarp um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum.

Frá: _____.

Á eftir 1. gr. frumvarpsins komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

- a. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Lögmenn, lögmannsstofur, opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis.
- b. Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Innheimtuaðilar skulu hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarræði ef ágreiningur rís milli innheimtuaðila og neytanda.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
 1. 2. mgr. orðast svo:
Gagnvart lögmönnum og lögmannsstofum skv. 2. mgr. 3. gr. fer Lögmannafélag Íslands með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn. Kvörtun vegna innheimtustarfa lögmanns má leggja fyrir úrskurðarnefnd lögmanna.
 2. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Neytendastofa hefur eftirlit með því að innheimtuaðilar fari eftir lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.